

Nd.

## 76. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karl Guðjónsson.

### 1. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist staflíðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar. Atvinnurekendur skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Hvarvetna í menningarþjóðfélögum leitast löggjafinn við að vernda þegna sína gegn óhóflega miklu erfiði og notfærir aukna tækni til að takmarka lengd hins almenna vinnudags. Viða er lítið á þetta sem lið í almennri heilsuvernd.

Hérlendis er þó ekkert gert af opinberri hálfu til að vernda þegnana í þessu efni. Þvert á móti notfærir hið opinbera sér yfirvinnu landsmanna til hóflausrar skattheimtu af þeirri kaupuppbot, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um fyrir slíka vinnu.

Þótt yfirvinna sé í eðli sínu mjög óæskileg og verki hindrandi á alla menningarframþróun, er þó augljóst, að enn er ekki tímabært að banna hana með lögum, og eins og til háttar um aðalútflutningsframleiðslu okkar, sjávarafurðirnar, mundu allar takmarkanir á yfirvinnu við þau störf hafa í för með sér minnkandi framleiðslu.

Í verstöðvum landsins er það algengt, þegar mikið aflast, að menn vinna oft vikum og jafnvel mánuðum saman svo lengi á hverjum sólarhring, að jafngildir tveim venjulegum vinnudögum eða jafnvel hálfum þriðja.

En þótt þjóðfélagið hafi ekki tók á að vernda þegna sína á þessu sviði svo sem æskilegt væri, má þó ekki minna vera en að þegnskapur sá, er þeir sýna með því að leggja hart að sér, til þess að framleiðslan geti orðið sem mest, sé að einhverju virtur af löggjafanum, og liggur þá beinast við að leysa kaupgreiðslur fyrir yfirvinnuna við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar undan opinberri skattlagningu.

Frumvarp þetta flutti ég á síðasta þingi, en það fékk þar ekki afgreiðslu, og því er það flutt hér að nýju. Afgreiðsla Alþingis á þessu máli er sýnu brýnni nú en áður, þar eð fyrirsjáanlegt er, að til þess hlýtur að reka, að verkalýðssamtökin hætta að leyfa takmarkalaus yfirvinnu, sem sökum skatts og útsvars aðeins hafnar lítið gjald fyrir hjá því fólki, sem leggur nótt með degi í það erfiði, sem þarf til að gera verðmæla vöru úr sjávaraflanum.

Augljóst er því, að vilji þjóðfélagið komast hjá framleiðslutapi, verður löggjafinn að tryggja það, að verulegur efnahagslegur ávinningur sé að yfirvinnunni, enda er nú vaxandi skilningur verkafólks á því, að ekki sé umfram erfiði þess fullgöldið með lúanum einum saman eða gigtveikinni, sem hið hóflausa strit færir mönnum um aldur fram.